

# Skriðuannáll 1958–1970

ÓLAFUR JÓNSSON,

AKUREYRI

## GREINARGERÐ

Annáll sá um skriðuföll á tímabilinu 1958–1970, sem hér er settur upp, er eiginlega framhald af snjóflóðaannálinum í 21. árg. Jökuls, eða öllu heldur hliðstæða hans, og er, eins og snjóflóðaannállinn, tilraun til að halda þræðinum óslitnum frá því rit mitt, *Skriðuföll og snjóflóð*, kom út, en þar er hann af eðlilegum ástæðum aðeins rakinn til ársins 1957.

Segja má, að skriðuföllin falli miður inn í þann ramma, sem Jökull hefur markað sér, en snjóflóðin, en þó er hér um nátengd fyrirbæri að ræða, sem stjórnast að verulegu leyti af sömu gerendum, þótt við mismunandi aðstæður sé, gerast á svipuðum slóðum og valda verulegu og áþekku tjóni, en með nokkuð mismunandi hætti. Það, sem skilur á milli, orsakast meira af árstíðabundnum ástandsmun efnisins en að um verulegan eðlismun sé að ræða.

Þessi skriðufallaannáll er að sjálfsögðu unninn á sama hátt og við sömu aðstæður og snjóflóðaannállinn og því háður sömu takmörkunum. Vafalaust skortir nokkuð á, að hann sé tæmandi, og veldur því bæði, að atburðir þessir komast ekki á tíð á blað og að mér kann að hafa sézt yfir heimildir. Þó ætla ég, að allt hið markverðasta sé til tínt.

Mikið skortir á, að skriðuföllunum séu gerð þau skil, sem æskilegt væri, en þess er enginn kostur, ef aðeins er við meira og minna tætingslegan fréttatflutning blaða og annarra fjölmiðla að styðjast. Allt annað væri, ef athugun á staðnum gæti farið fram fljótlega eftir að skriðuföllin verða. Kæmi þá til greina að lýsa aðstæðum og aðdraganda, efnisgerð hlaupanna, efnismagni, útbreiðslu og mörgu fleiru, er orðið gæti til fróðleiks og þekkingarauka á þeim.

Tíðni skriðufalla er hér mjög mikil. Tíðust munu þau vera vor og haust, en geta annars orðið á öllum tímum árs. Venjulega gerast þau í sambandi við stór úrfelli, öra leysingu eða

hvoru tveggja. Skriðuföll eru því oftast mjög blönduð vatni og þar sem þau auk þess fylgja oft giljum og vatnsfarvegum, getur stundum orkað tvímælis, hvort má sin meira skriðan eða vatnið. Hitt er svo staðreynd, að máttur vatnsins til rofa og áruðnings vex stórum með framburðinum.

Tjón af völdum skriðufalla er hér verulegt. Fyrst má nefna landspjöllin, sem oft verða mikil. Svo eru skemmdir á vegum mjög tíðar og truflanir á samgöngum af þeim sökum. Línur, lagnir og girðingar verða líka oft hart úti og tjón á byggingum verða ósjaldan. Manntjón og tjón á lifandi peningi er hins vegar tiltölulega sjaldgæft af völdum þeirra. Þessu veldur það, að skriðurnar falla sjaldan hratt, samborið við snjóflóðin. Vissar tegundir skriðufalla geta þó farið geysihratt.

Engum getur dulizt, að skriðufallahættan er atriði, sem taka verður verulegt tillit til við mannvirkjagerð hér á landi. Það er því fyllilega tímabært að fylgjast nákvæmlega með þessum fyrirbærum, háttalagi þeirra og tíðni á einstökum svæðum og verjast áföllum af þeirra völdum, eftir því sem unnt reynist.

*Annálar 1400–1800 V, bls. 154*

*1773 (Espihólsannáll):*

„Síðan gerði stórrígningar um haustið, hvar af margir hófðu skaða á húsum og heyjum. Sumstaðar féllu skriður á land og fordjörfuðu jarðir bæði í Húnavatns- og Vaðlasýslum.“

*Annálar 1400–1800 V, bls. 412*

*Vatnsfjarðarannáll yngsti 1784:*

Í sömu sýslu (Ísafjarðarsýslu) gjörði svo mikið hriðarúrfelli nóttina milli 1. og 2. júnii, að víða hlupu skriður úr fjöllum til stórra skemmda. Á Kálfeyri, verstöð í Önundarfirði, hljóp þá ein skriða úr bökkum ofan yfir eina verbúð. Þar fórust 2 menn giftir og 1 ógiftur. Sá fjórði komst lífs út um þakið.